

Þekkingarnet Þingeyinga

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar og forstöðumanns	2 - 3
Áritun endurskoðanda	4 - 5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7 - 8
Sjóðsstreymi	9
Skýringar	10 - 14

Þekkingarnet Þingeyinga
Kennitala 670803-3330
Hafnarstétt 3, 640 Húsavík

Skýrsla stjórnar og forstöðumanns

Meginstarfsemi Þekkingarnets Þingeyinga

Þekkingarnet Þingeyinga er miðstöð símenntunar, háskólanáms, rannsókna og nýsköpunar í Þingeyjarsýslum. Stofnunin býður upp á námskeiðahald, hefur milligöngu um námsleiðir og námsframboð fyrir fólk og vinnustaði og rekur háskólanámssetur með þjónustu og vinnuaðstöðu fyrir háskólanema á svæðinu. Einnig er hún miðstöð rannsókna og hýsir til lengri og skemmri tíma fólk, stofnanir og fyrirtæki sem stunda rannsóknir í héraðinu. Þá heldur Þekkingarnetið utan um frumkvöðlasetur og Fab-lab smiðju sem fjármagnað er m.a. í gegnum samstarfssamning við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið á grunni byggðaaáætlunar.

Starfsemin á árinu

Heildarvelta stofnunarinnar 2023 nam 242,1 m.kr. samanborið við 233,6 m.kr. á árinu 2022 og jókst velta stofnunarinnar því um 3,6% á milli ára. Hagnaður ársins nam 3,7 m.kr. í samanburði við 8,8 m.kr. hagnað á árinu 2022.

Í ársreikning 2023 voru gerðar breytingar frá fyrra ári á bókun tekna vegna Hraðsins miðstöðvar nýsköpunar. Þessar breytingar hafa í för með sér að tekjur vegna rekstrarsamninga hækka en verkefnatekjur stofnunarinnar lækka.

Á árinu 2023 útheimti starfsemi Þekkingarnets Þingeyinga alls 12,6 ársverk. Þar af voru 18 launþegar á skrá í launakerfi stofnunarinnar á árinu í samtals 11 stöðugildum. Utan fastra heilsársstarfsmanna var nokkuð um tímabundin verkefni við rannsóknaverkefni og námskeiðakennslu, eða alls 1,6 ársverk.

Það er álit stjórnar og forstöðumanns Þekkingarnets Þingeyinga að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu stofnunarinnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun stofnunarinnar, komi fram í ársreikningnum.

Framtíðaráform

Stjórn Þekkingarnetsins telur að velta stofnunarinnar verði heldur minni á næsta ári þar sem umsvifamiklu uppbyggingartímabili er nú lokið og reksturinn verður með hefðbundnari hætti.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn og forstöðumaður stofnunarinnar leggur til að hagnaði ársins verði ráðstafað til hækkunar á óráðstöfuðu eigin fé frá fyrra ári.

Eignaraðild

Þekkingarnet Þingeyinga er sjálfseignarstofnun. Stofnunin ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum.

Atburðir eftir lok reikningsárs

Engir verulegir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsárs.

Skýrsla stjórnar og forstöðumanns, frh.

Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga og forstöðumaður staðfesta hér með ársreikning Þekkingarnets Þingeyinga fyrir árið 2023 með áritun sinni.

Húsavík, 11. júní 2024

Aðalsteinn Árni Baldursson,
stjórnarformaður

Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson
meðstjórnandi

Jón Höskuldsson
meðstjórnandi

Margrét Hólm Valsdóttir
meðstjórnandi

Rannveig Björnsdóttir
meðstjórnandi

Sæunn Stefánsdóttir
meðstjórnandi

Valgerður Gunnarsdóttir
meðstjórnandi

Yngvi Ragnar Kristjánsson
meðstjórnandi

Óli Halldórsson
forstöðumaður

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Þekkingarnets Þingeyinga

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Þekkingarnets Þingeyinga fyrir árið 2023, að undanskilinni skýrslu stjórnar og forstöðumanns.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2023, efnahag hennar 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar og forstöðumanns.
- Rekstrarreikning ársins 2023.
- Efnahagsreikning 31. desember 2023.
- Sjóðstreymi ársins 2023.
- Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla stjórnar og forstöðumanns er undirskilin endurskoðun, sbr kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

Óhæði

Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar og forstöðumanns

Stjórn og forstöðumaður bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og forstöðumanns og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar og forstöðumanns höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar og forstöðumanns hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og forstöðumanns á ársreikningnum

Stjórn og forstöðumaður eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og forstöðumaður eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum stofnunarinnar að meta hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa stofnunina upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi stofnunarinnar. Stjórnendum stofnunarinnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og forstöðumaður skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun endurskoðanda (frh.)

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álitum okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Húsavík, 11. júní 2024

PricewaterhouseCoopers ehf.

Rúnar Bjarnason,
lögiltur endurskoðandi.

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýringar	2023	2022
Rekstrartekjur			
Tekjur vegna rekstrarsamninga	3	104.056.218	67.603.358
Námskeiðstekjur	3	33.156.489	46.883.373
Verkefnatekjur	3	72.280.198	108.968.126
Aðrar rekstrartekjur	3	32.573.223	10.162.430
		<u>242.066.128</u>	<u>233.617.287</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	135.623.229	116.447.772
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	4	3.930.735	4.328.038
Annar rekstrarkostnaður	4	91.013.172	94.199.140
Afskriftir	4 - 5	8.751.174	9.570.421
		<u>239.318.310</u>	<u>224.545.371</u>
Rekstrarhagnaður		2.747.818	9.071.916
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		1.193.755	183.832
Vaxtagjöld		(41.982)	(88.534)
Gengismunur		(185.344)	(392.303)
		<u>966.429</u>	<u>(297.005)</u>
Hagnaður		<u>3.714.247</u>	<u>8.774.911</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýringar	31.12.2023	31.12.2022
Fastafjármunir			
Efnislegar eignir:			
Innréttingar		508.680	562.435
Tölvubúnaður		743.585	1.117.269
Bifreið		1.998.226	3.104.937
Hraðið, tölvu-, tækjabúnaður og innréttingar		14.333.340	21.550.364
	5	<u>17.583.831</u>	<u>26.335.005</u>
Fastafjármunir samtals		17.583.831	26.335.005
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		15.540.567	13.683.594
Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		3.000.000	0
Handbært fé		58.211.076	40.929.126
		<u>76.751.643</u>	<u>54.612.720</u>
Eignir samtals		<u><u>94.335.474</u></u>	<u><u>80.947.725</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eigið fé og skuldir	Skýringar	31.12.2023	31.12.2022
Eigið fé			
Stofnfé		7.487.575	7.487.575
Óráðstafað eigið fé		27.161.405	23.447.158
	6	<u>34.648.980</u>	<u>30.934.733</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		3.768.742	5.840.552
Aðrar skammtímaskuldir		20.720.789	13.575.978
Fyrirfram innheimtar tekjur		22.600.000	2.500.000
Fyrirframgreiðslur vegna samstarfsverkefna	7	12.596.963	28.096.462
		<u>59.686.494</u>	<u>50.012.992</u>
Skuldir samtals		59.686.494	50.012.992
Eigið fé og skuldir samtals		<u>94.335.474</u>	<u>80.947.725</u>
Aðrar upplýsingar	8		

Sjóðstreymi ársins 2023

	Skýringar	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins		3.714.247	8.774.911
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	<u>8.751.174</u>	<u>9.570.421</u>
		12.465.421	18.345.332
(Hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(4.856.973)	(8.161.493)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>9.673.502</u>	<u>(15.357.834)</u>
		4.816.529	(23.519.327)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>17.281.950</u>	<u>(5.173.995)</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð efnislegra eigna	5	<u>0</u>	<u>(8.680.122)</u>
		0	(8.680.122)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		17.281.950	(13.854.117)
Handbært fé í byrjun árs		<u>40.929.126</u>	<u>54.783.243</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>58.211.076</u></u>	<u><u>40.929.126</u></u>
Greiddir vextir		(41.982)	(88.534)
Innborgaðar vaxtatekjur		1.193.755	183.832

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Þekkingarnet Þingeyinga er miðstöð símenntunar, háskólanáms, rannsókna og nýsköpunar í Þingeyjarsýslum.

Stofnunin er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Hafnarstétt 3, 640 Húsavík.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

2.2 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur flust yfir til kaupanda.

2.3 Aðrar rekstrartekjur

Umboðslaun eru tekjufærð á grundvelli fyrirbyggjandi samninga.

Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

2.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags.

2.5 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2023. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

Lokagengi erlendra gjaldmiðla í árslok (miðgengi)	31.12.2023	31.12.2022	Breyting
Evra (EUR).....	150,5	151,5	-0,7%

2.6 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði. Ekki þykir ástæða til óbeinnar niðurfærslu á kröfum í árslok.

2.7 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Skýringar

3. Rekstrartekjur	2023	2022
Tekjur vegna rekstrarsamninga:		
HVIN og MRN.....	92.726.000	57.600.000
Samningar við sveitarfélög; verkefnasjóður.....	11.330.218	10.003.358
	<u>104.056.218</u>	<u>67.603.358</u>
Námskeiðstekjur:		
Fræðslusjóður / námsleiðir.....	20.873.000	32.588.273
Fjölmennt.....	1.700.000	1.700.000
Íslenskukennsla.....	3.315.000	5.175.000
Niðurgreidd námskeið.....	3.938.489	4.649.600
Almenn námskeið.....	3.330.000	2.770.500
	<u>33.156.489</u>	<u>46.883.373</u>
Verkefnatekjur:		
Fræðslusjóður, náms- og starfsráðgjöf.....	10.918.000	10.707.000
Fræðslusjóður, þróunarsjóður framhaldsfræðslu.....	1.980.000	1.200.000
Fræðslusjóður, raunfærnimat.....	6.273.000	6.003.000
Útseld rannsókn- / ráðgjafarvinna	9.058.954	7.509.948
Útseld vinna og þjónusta.....	20.163.578	17.120.012
Aðrir styrkir.....	13.883.000	6.443.403
Tekjur vegna erlendra verkefna.....	9.617.802	15.184.763
Vinnuálastofnun, samningsbundin verkefni.....	385.864	0
Hraðið, Nýsköpunarmiðstöð.....	0	44.800.000
	<u>72.280.198</u>	<u>108.968.126</u>
Aðrar tekjur:		
Húsaleiga og tengd þjónusta	28.134.308	9.282.996
Rekstur stofnun.....	4.359.842	0
Ýmsar tekjur.....	79.073	879.434
	<u>32.573.223</u>	<u>10.162.430</u>
Rekstrartekjur samtals	<u>242.066.128</u>	<u>233.617.287</u>
4. Rekstrargjöld		
Laun og launatengd gjöld		
Laun	108.236.182	92.532.885
Dagpeningar.....	798.562	1.109.809
Ökutækjastyrkur.....	368.974	307.714
Mótframlag í lífeyrissjóð.....	14.231.731	12.341.580
Tryggingagjald.....	7.756.049	6.684.525
Sjúkra og orlofssjóðsgjöld.....	2.187.884	2.009.468
Breyting orlofsskuldbindingar.....	4.416.469	1.461.791
Þátttaka í launakostnaði.....	(2.372.622)	0
	<u>135.623.229</u>	<u>116.447.772</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Sími og posaleiga.....	559.108	673.195
Burðargjöld.....	224.377	1.304.149
Pappír, prentun og ritföng.....	1.018.743	199.487
Bækur, blöð og tímarit.....	162.006	251.373
Auglýsingar.....	1.164.242	798.218
Félags- og aðildargjöld.....	468.900	681.500
Gjafir og styrkir.....	230.399	291.194
Þjónustugjöld.....	102.960	128.922
	<u>3.930.735</u>	<u>4.328.038</u>

Skýringar

4. Rekstrargjöld frh.	2023	2022
Annar rekstrarkostnaður		
Húsnæði:		
Húsaleiga.....	33.338.045	24.115.512
Ræstingar og rekstrarvörur.....	383.102	210.769
Viðhald húsnæðis.....	792.079	4.484.025
Rafmagn og hiti.....	1.184.964	726.647
Ferðakostnaður:		
Flug.....	819.278	2.897.974
Bílaleigubílar.....	924.953	968.618
Matur.....	319.439	386.543
Gisting.....	567.328	2.327.826
Tryggingar:		
Vátryggingar.....	208.433	194.443
Tölvukerfi:		
Tölvubúnaður.....	523.976	1.818.127
Hugbúnaður.....	1.263.844	1.164.275
Heimasíða/lén.....	587.111	1.538.857
Aðkeypt vinna.....	3.392.371	2.703.352
Sérfræðiaðstoð:		
Reikningsleg aðstoð, launavinnsla, uppgjör, endurskoðun og önnur sérfræðiþ.....	5.586.565	3.988.582
Kennslubúnaður:		
Kennslugögn.....	322.222	874.876
Aðkeypt þjónusta:		
Sérfræðiþjónusta, verktakavinna.....	5.579.519	4.518.739
Kennsla á námskeiðum.....	18.804.332	22.463.675
Fundir og kaffistofa:		
Kaffistofa.....	1.158.164	1.088.943
Fundir, athafnir, útskriftir.....	1.581.644	2.142.699
Starfsmannahald:		
Endurmenntun, námskeið og ráðstefnur.....	346.747	530.684
Félagsstarf starfsmanna og stjórnar.....	365.568	477.050
Starfsmannakostnaður.....	339.659	338.835
Bifreiðakostnaður:		
Bensín og olíur.....	392.555	375.225
Skattar og vátryggingar.....	211.704	228.678
Viðhald bifreiða.....	138.675	107.334
Annar bifreiðakostnaður.....	25.840	19.405
Ýmis kostnaður:		
Gjaldfærð áhöld og tæki.....	6.625.171	6.594.524
Sorpförgun	891.342	547.491
Viðhald áhalda og tækja.....	20.990	1.406.717
Gjöld vegna FS nets, nettó.....	352.996	284.063
Ferða- og uppihald verktaka.....	692.200	67.596
Vörukaup.....	2.500.022	1.172.783
Rekstur sameignar.....	533.976	2.054.151
Annar kostnaður.....	238.358	1.380.122
	<u>91.013.172</u>	<u>94.199.140</u>
Afskriftir bifreiðar, tölvubúnaðar og innréttinga.....	8.751.174	9.570.421
Rekstrargjöld samtals	<u>239.318.310</u>	<u>224.545.371</u>

Skýringar

4. Rekstrargjöld frh.

Á árinu greiddi stofnunin alls 18 launþegum laun í um það bil 11 stöðugildum en árið áður voru starfsmenn 14 í um það bil 10 stöðugildum. Að teknu tilliti til verktakavinnu við kennslu og rannsóknir útheimti starfsemi Þekkingarnets Þingeyinga 12,6 stöðugildi á árinu 2023.

Laun til stjórnar og forstöðumanna námu 21,9 millj. króna á árinu samanborið við 14,5 millj. króna árið áður.

5. Efnislegar eignir

	Innréttingar	Tölvu- búnaður	Bifreið	Hraðið, tölvu- tækjabúnaður og innrétt.	Samtals
Árslok 2022:					
Bókfært verð í ársbyrjun	824.455	796.668	4.211.648	21.392.533	27.225.304
Viðbót ársins	597.276	1.121.055	0	6.961.790	8.680.122
Afskriftir	(859.296)	(800.454)	(1.106.711)	(6.803.959)	(9.570.421)
Bókfært verð í árslok	562.435	1.117.269	3.104.937	21.550.364	26.335.005
Bókfært verð í árslok 2022 greinist þannig:					
Kostnaðarverð	597.276	2.784.039	6.148.392	29.843.572	39.373.279
Afskrifað samtals	(34.841)	(1.666.770)	(3.043.455)	(8.293.208)	(13.038.274)
Bókfært verð í árslok	562.435	1.117.269	3.104.937	21.550.364	26.335.005
Árslok 2023:					
Bókfært verð í ársbyrjun	562.435	1.117.269	3.104.937	21.550.364	26.335.005
Afskriftir	(53.755)	(373.683)	(1.106.711)	(7.217.024)	(8.751.174)
Bókfært verð í árslok	508.680	743.585	1.998.226	14.333.340	17.583.831
Bókfært verð í árslok 2023 greinist þannig:					
Kostnaðarverð	597.276	2.784.039	6.148.392	29.843.572	39.373.279
Afskrifað samtals	(88.596)	(2.040.453)	(4.150.166)	(15.510.232)	(21.789.447)
Bókfært verð í árslok	508.680	743.585	1.998.226	14.333.340	17.583.831

Eignir eru skráðar meðal efnislegra eigna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Um er að ræða varanlega rekstrarfármuni sem eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignanna sem hér segir:

Innréttingar	10 ár
Tölvubúnaður	3 ár
Bifreið	5 ár

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söluþegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Vátryggingaverðmæti

Bifreiðar, vélar, tæki og annað lausafé er vátryggð fyrir kr. 35.279.907.

Skýringar

6. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Hreyfingar 2022:			
Staða í ársbyrjun	7.487.575	14.672.247	22.159.822
Hagnaður ársins	0	8.774.911	8.774.911
Staða í árslok	7.487.575	23.447.158	30.934.733
Hreyfingar 2023:			
Staða í ársbyrjun	7.487.575	23.447.158	30.934.733
Hagnaður ársins	0	3.714.247	3.714.247
Staða í árslok	7.487.575	27.161.405	34.648.980

7. Fyrirframgreiðslur vegna samstarfsverkefna

Þekkingarnet Þingeyinga er umsjónaraðili Erasmus+ verkefna á vegum styrkjaáætlunar Evrópusambandsins fyrir mennta-, æskulýðs- og íþróttamál. Í samræmi við styrkjasamning hafði stofnunin, í árslok 2023, móttengið fyrirframgreiðslu að fjárhæð 12,6 m.kr. vegna verkefnanna. Framkvæmd verkefnanna hefur farið fram á síðastliðnum árum og er áætlað að framkvæmd verkefnanna haldi áfram á árinu 2024 og verða fjármunirnir þá að mestu leyti greiddir til annarra styrkþega sem koma að verkefninu með stofnuninni eins og nánar er kveðið á um í samningi um verkefnið.

8. Aðrar upplýsingar

Skattamál

Stofnunin er undanþegin greiðslu tekjuskatts skv. Lögum nr. 90/2003.

Húsaleigusamningar

Stofnunin hefur gert nýjan leigusamning um Hafnarstétt 1 og 3 sem tók við af fyrri samningi. Leigutími er tímabundinn frá 1. október 2022 og til 1. október 2041 og er óuppsegjanlegur nema stofnunin neyðist til að hætta starfsemi. Þá hefur stofnunin tekið á leigu Hafnarstétt 1, rými á jarðhæð. Sá samningur gildir frá 1. október 2021 til 1. október 2031 og er einnig óuppsegjanlegur nema stofnunin neyðist til að hætta starfsemi. Leigusamningurinn um Hafnarstétt 1 og 3 er verðtryggður með vísitölu. Gjaldfærsla ársins vegna þessara leigusamninga er að fjárhæð 32.863.863 kr. og er flokkað meðal annars rekstrarkostnaðar í ársreikningnum.

Á næsta ári	34.697.844
Eftir 2 ár	34.697.844
Eftir 3 ár	34.697.844
Eftir 4 ár	34.697.844
Eftir 5 ár	34.697.844
Eftir meira en 5 ár	412.328.511
	585.817.731

Við útreikning er notast við vísitölu neysluverðs í upphafi árs 2024 sem var 607,3. Vísitala breytist við hverja greiðslu og fjárhæðir gætu því breyst. Hluti af Hafnarstétt 1 og 3 er endurleigt til þriðja aðila.

Undirritunarsíða

stjórnarformaður
Aðalsteinn Árni Baldursson

meðstjórnandi
Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson

meðstjórnandi
Jón Höskuldsson

meðstjórnandi
Margrét Hólm Valsdóttir

meðstjórnandi
Rannveig Björnsdóttir

meðstjórnandi
Sæunn Stefánsdóttir

meðstjórnandi
Valgerður Gunnarsdóttir

meðstjórnandi
Yngvi Ragnar Kristjánsson

forstöðumaður
Óli Halldórsson

löggiltur endurskoðandi
Rúnar Bjarnason